

Hafnarfirði, 24. maí 2022
2109983 AMT

Efni: Samantekt athugasemdir og svör

Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 var auglýst í Fréttablaðinu , Lögbirtingablaðinu og Á vef Hafnarfjarðarbæjar frá 15. mars sl. með frest til að skila inn athugasemdum til 25. apríl sl.

Einnig var sérstaklega vakin athygli á auglýsingunni við Veitur ehf, Heilbrigðiseftirlit, Voga, Garðabæ. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun.

Athugasemdir bárust Heilbrigðiseftirlitinu og Umhverfisstofnun, einnig kom bréf frá Garðabæ þar sem ekki var gerð athugasemd við tillöguna.

Í bréfi Umhverfisstofnunar dags. 27. apríl eru gerðar eftirfarandi ábendingar:

Athugasemdir	Svör
Stofnunin bendir á að ekki sé gert ráð fyrir öryggissvæði í kringum álverið og telur stofnunin ekki sé ástæða til að skipuleggja varnar- og öryggissvæði	Ljóst er að hér er um mistök að ræða þegar talað er um varnar- og öryggissvæði í aðalskipulagsbreytingunni. Þetta er lagfært á uppdrætti.
Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 4.5.3. gr í skipulagsreglugerð skal afmarka varúðarsvæði. Það er svæði sem takmarkanir gilda vegna hættu á heilsu og öryggi manna. Óskaði Umhverfisstofnun eftir að varúðarsvæðið yrði ekki felt strax úr skipulagi með um leið og þynningarsvæðið	Gerð er breyting á texta breytingaruppdráttarins þar vísað er í sjónarmið Umhverfisstofnunar um að varúðarsvæðið sem skilgreint er í aðalskipulagi Hafnarfjarðar sé en þá til staðar.
Umhverfisstofnun ítrekar að ekki liggi fyrir mælingar á öllum mengunarefnum innan núverandi varúðarsvæðis í skipulagi og telur að rétt sé að bíða með niðurfellingu varúðarsvæða þar til niðurstaða mælinga liggur fyrir.	Tekið er undir þessi sjónarmið umhverfisstofnunar og varúðarsvæði en þá skilgreint í aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Athugasemdir Heilbrigðiseftirlits dags. 26. apríl 2022

Athugasemdir	Svör
Í bókun frá heilbrigðisnefnd er ítrekað fyrri bókanir nefndarinnar varðandi breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og afmörkun þynningarsvæðis . Breytingarnar gefa ekki tilefni til að heimila búsetu eða viðkvæma starfsemi á svæði mengandi starfsemi og	Í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar er iðnaðarsvæðunum skipt upp í flokka B2 og B3 Á svæði B2 er gert ráð fyrir léttum iðnaði og atvinnustarfsemi sem hefur óveruleg mengandi áhrif . Flokkur B3 er þungur iðnaður sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif í för

<p>leggur nefndin til bann við að slíkt verði sett í viðkomandi deiliskipulög af svæðinu</p>	<p>með sér og háð lögum og reglum um mengunarvarnir. Iðnaðarsvæðið í Hellnahrauni flokkast sem B2 svæði og iðnaðarsvæðið í Kapelluhrauni er í flokki B3 stór hluti að Kapelluhrauninu er innan áður skilgreinds þynningarvæðis. Við útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfis vegna starfsleyfiskyldrar starfsemi liggja ávalt fyrir jákvæðar umsagnir viðkomandi umsagnaraðila áður en til samþykktar kemur samanber kröfur byggingarreglugerðar.</p>
<p>Heilbrigðisnefnd telur engar forsendur til að breyta frá fyrri ákvörðunum um að öll íbúðarbyggð , þ.m.t. rekstur gistiheimila verði bönnuð á svæði nærri álverinu, þar sem önnur mengandi starfsemi hefur komið sér fyrir.</p>	<p>Til að koma í veg fyrir að við niðurfellingu þynningarsvæðis skapist tækifæri til að skipuleggja óæskilega starfsemi á svæði sem áður var innan þynningarsvæði er stefnt að því að endurskoða gildandi deiliskipulög á svæðinu og bæta við í þau ákvæðum um að búseta, gisting eða allur þá iðnaður sem viðkvæmur er fyrir mengandi staðsetningu sé ekki leyfur á svæðinu.</p>

Virðingarfyllst,

Anna Margrét Tómasdóttir
Verkefnastjóri